

Breytingar á skipulagi yfirstjórnar Ríkisútvarpsins

Dagskrársvið útvarps mun skiptast upp í tvö aðskilin svið og verða nú **Dagskrársvið Rásar 1** og **Dagskrársvið Rásar 2**. Markmiðið með þessari uppskiptingu er að styðja við starfsemi RÚV á útvarpssviði, skerpa á hlutverki stöðvanna og aðgreina þær. Ráðnir verða dagskrárstjórar hvorrar stöðvar sem munu vera virkir í ritstjórn auk þess sem þeir sinna dagskrárgerð.

Dagskrársvið sjónvarps og íþróttar sinnir sem fyrr framleiðslu og kaupum á efni fyrir sjónvarpsrásir RÚV en mun nú að auki stýra íþróttaumfjöllun á öllum miðlum RÚV.

Fréttasvið stýrir fréttumfjöllun í öllum miðlum Ríkisútvarpsins, en áhersla verður á aukna samvinnu við önnur svið varðandi miðlun fréttaumfjöllunar. Íþróttir sem heyrt hafa undir fréttasviði áður færast undir dagskrársvið sjónvarps og starfsemi svæðisstöðva færast af fréttasviði.

Nýmiðlasvið stýrir vefnum, ruv.is en markmiðið er að stórauka áherslu á miðlun efnis á vefnum, í snjallsímum og ýmsum nýmiðlum. Nýmiðlastjóri mun sinna ritstjórn vefsins og keppa að því að efni RÚV verði aðgengilegt og eftirsótt á vefnum. Sviðið sinnir einnig ritstjórn efnis í nýmiðla sem til staðar eru eða fram munu koma.

Undir svið **rekstrar, fjármála og tækni** munu allar rekstrar, fjármála og tæknideildir fyrirtækisins heyra. Þar verður fjármáladeild, launadeild, húsrekstur, tæknideildir og auglýsingadeild. Tæknideild var áður sérstakt svið og auglýsingadeild var áður hluti af markaðssviði.

Samskipta-, þróunar og mannauðssvið mun leitast við að setja „eigendur“ RÚV, áhorfendur og hlustendur, í öndvegi, kortleggja breytingar á gildum, viðhorfum og hegðun og meta hvernig þeim verði betur þjónað með tilliti til dagskrár og miðlunar. Sviðið mun stuðla að auknu og opnara samtali um Ríkisútvarpið, inn á við og út á við. Markmiðið er að opna umræðuna um hlutverk og dagskrá RÚV og kappkosta að sú umræða skili sér í áherslum og stefnu fyrirtækisins. Sviðið fer með höndum kynningar- og markaðsmál og greiningu á notkun á miðlum RÚV. Samskiptasvið mun vinna úr ábendingum frá almenningi. Stefnumótun og þróun verður á borði sviðsins auk þess sem mannauðsmál fá aukna áherslu í starfseminni undir nýju sviði.

Skrifstofustjóri á skrifstofu útvarpsstjóra mun sjá um samskipti við ýmsa opinbera hagsmunaaðila, nefndir og samtök, innanlands og erlendis. Auk þess mun skrifstofustjórinn sinna ýmsum lögfræðilegum málefnum fyrir hönd RÚV og fara með verkefnastjórn ýmissa verkefna fyrir hönd útvarpsstjóra.

Mannauðsstjóri mun sinna mannauðsmálum fyrirtækisins og keppa að því að auka upplýsingaflæði innan fyrirtækisins og efla samtalið. Hingað til hefur mannauðsstjóri starfað einn en verður nú hluti af hinu nýja sviði samskipta-, þróunar og mannauðsmála.

Unnið verður að því að auka áherslu á starfsemi **RÚV á landsbyggðinni** og dagskrá þaðan. Starfsemi svæðisstöðva RÚV færist af fréttasviði en nánari útfærsla á því hvar svæðisstöðvar verða staðsettar í skipuriti verður kynnt síðar.

Hlutverk ólíkra sviða Ríkisútvarpsis í nýju skipulagi

Útvarpsstjóri

Hlutverk útvarpsstjóra er að móta stefnu Ríkisútvarpsins í samstarfi við stjórn, framfylgja henni og gæta hagsmuna þess í hvívetna. Útvarpsstjóri starfar í umboði stjórnar og er leiðtogi starfsfólks Ríkisútvarpsins. Útvarpsstjóri ber ábyrgð á dagskrá Ríkisútvarpsins og rekstri. Hann leiðir framkvæmdastjórn RÚV.

Dagskrárdeild Rásar 1 - Dagskrárstjóri Rásar 1

Hlutverk Rásar 1 er að flytja menningartengt efni ásamt því að hvetja til upplýstrar, samfélagslegrar umræðu. Það er gert með því að framleiða, kaupa og nýta efni úr safni Ríkisútvarpsins. Dagskrárstjóri ber ábyrgð á allri dagskrá Rásar 1. Dagskrárstjóri Rásar 1 sinnir einnig dagskrárgerð fyrir rásina og er til ráðgjafar um menningarumfjöllun annarra miðla RÚV.

Dagskrárdeild Rásar 2 - Dagskrárstjóri Rásar 2

Rás 2 er viðburðaútlit sem miðar við markhópinn 50 ára og yngri og leggur sérstaka áherslu á íslenska tónlist. Dagskrárstjóri Rásar 2 ber ábyrgð á allri dagskrá Rásar 2. Dagskrárstjóri Rásar 2 sinnir einnig dagskrárgerð fyrir rásina og er til ráðgjafar varðandi tónlistarflutning í öðrum miðlum RÚV.

Dagskrársvið sjónvarps og íþróttar - Dagskrárstjóri sjónvarps

Hlutverk dagskrárdeildar sjónvarps er að bjóða upp á vandað sjónvarpsefni í samræmi við dagskrárstefnu RÚV. Það gerir sviðið með því að framleiða, þróa og kaupa efni sem hentar. Auk þess stýrir sviðið og vinnur íþróttaumfjöllun í öllum miðlum RÚV. Sviðið ber ábyrgð á allri sjónvarpsdagskrá og íþróttaumfjöllun RÚV. Dagskrárstjóri Sjónvarps stýrir sviðinu.

Fréttasvið - fréttastjóri

Hlutverk fréttastofu er að annast almennan fréttarflutning í sjónvarpi, útvarpi og á vefnum auk þess að stuðla að ítarlegum fréttaskýringum. Fréttasvið ber ábyrgð á öllum fréttum og fréttaskýringum fréttastofu RÚV auk þess að vera til ráðgjafar um fréttatengda dagskrárgerð á öðrum miðlum og sviðum. Fréttastjóri stýrir sviðinu.

Nýmiðlasviðs - nýmiðlastjóri

Hlutverk nýmiðlasviðs er að reka, ritstýra og þróa vef Ríkisútvarpsins, www.ruv.is og stuðla að því að vefurinn sé lifandi, aðgengilegur og áhugaverður. Sviðið vinnur að því að gera efni allra miðla RÚV aðgengilegt og áhugavert á vefnum. Einnig vinnur sviðið að því að gera efni RÚV aðgengilegt í aðra miðla og samskiptaform sem til staðar eru eða fram munu koma. Nýmiðlastjóri stýrir sviðinu og ber ábyrgð á vefnum ruv.is og öðrum nýmiðlum.

Rekstrar-, fjármála- og tæknisvið. - Framkvæmdastjóri

Hlutverk sviðsins er að skapa grundvöll fyrir hagkvæmni í rekstri og stuðla að hámarksárangri hjá öllum einingum starfseminnar auk þess sem það vinnur að því að hámarka tekjur fyrirtækisins. Sviðið stýrir áætlanagerð fyrir fyrirtækið í heild sinni og sinnir fjárhagseftirliti. Sviðið vinnur að því að hámarka skilvirkni í starfseminni, stuðla að árangursríkum ferlum og hámarksnýtingu á öllum verðmætum fyrirtækisins. Undir sviðið heyra fjármáladeild, launa-deild, tæknideild, auglýsingadeild, eignaumsýsla og mötuneyti. Framkvæmdastjóri rekstrar-, fjármála- og tæknisviðs stýrir sviðinu.

Samskipta-, þróunar- og mannauðssvið - Framkvæmdastjóri

Hlutverk sviðsins er að opna samtalið um Ríkisútvarpið, inn á við og út á við. Sviðið stendur fyrir uppbyggilegri umræðu um hlutverk og dagskrá RÚV og kappkostar að sú umræða skili sér í áherslum og stefnu fyrirtækisins. Sviðið mun vinna úr ábendingum frá almenningi, fer með höndum kynningar- og markaðsmál og greiningu á notkun á miðlum RÚV. Sviðið mun vinna að stefnumótun með útvarpsstjóra og öðru starfsfólki þar sem áhersla verður lögð á að setja „eigendur“ RÚV áhorfendur/hlustendur í öndvegi, kortleggja breytingar á gildum, viðhorfum og hegðun og meta hvernig þeim sé betur megi þjónað með dagskrá og miðlum. Auk þess sinnir sviðið mannauðsmálum fyrirtækisins. Undir sviðið heyrir kynningardeild, hönnunardeild, mannauðsstjóri og markaðsrannsóknir. Framkvæmdastjóri samskipta-, þróunar- og mannauðssviðs stýrir sviðinu.

Skrifstofustjóri

á skrifstofu útvarpsstjóra mun sjá um samskipti við ýmsa opinbera hagsmunaaðila, nefndir og samtök, innanlands og erlendis. Auk þess mun skrifstofustjórinn sinna ýmsum lögfræðilegum málefnum fyrir hönd RÚV og fara með verkefnastjórn ýmissa verkefna fyrir hönd útvarpsstjóra.

Ríkisútvarpið 2014

Stjórnskipulag

